

A 1698/presidiet

Afgreiðsla Forsætisnefndin

Nefndarálit forsætisnefndarinnar um
þingmannatillögu
um að efla sáttamiðlun sem norrænt vörumerki

Tillaga

Forsætisnefndin leggur til

að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að forsætisráðherrar Norðurlandanna taki sáttamiðlun og friðarviðræður með sem viðfangsefni í verkefni sitt um alþjóðlegt hlutverk Norðurlanda;

að ein af væntanlegum stefnumótandi úttektum leggi áherslu á norrænt samstarf til að skapa frið á áttaksvæðum heimsins;

að Norðurlöndin komi á fót sameiginlegu háskólanámi á framhaldsstigi á sviði friðarviðræðna, t.d. Nordic Master in Peace Building/Peace Negotiation;

að kanna möguleika á því að koma á stofn skjalasafni um sáttamiðlun í einu Norðurlandanna, þar sem skjöl frá friðarviðræðum á árunum eftir seinni heimstyrjöldina verði varðveitt;

að nýta reynslu Álandseyja, Færeyja og Grænlands á Norðurlöndum sem innblástur og góð dæmi um friðsamlega lausn deilumála;

að nýta reynslu af jafnræði fyrir lögum hvað varðar réttindi þjóðabrota í löndunum.

Ennfremur leggur forsætisnefndin til

að Norðurlandaráð haldi málþing í samstarfi við utanríkismálanefndir landanna til að dreifa og safna þekkingu um norrænt samstarf á sviði sáttamiðlunar.

Forsaga

Rök flokkahóps miðjumanna fyrir tillögunni voru sem hér segir:



„Norðurlöndin hafa lifað í sátt og samlyndi í 200 ár. Þrátt fyrir samkeppni og stundum ólíkar áherslur eigum við náðið samstarf. Í ljósi þessa höfum við mikið að færa heiminum þegar kemur að framtíðarsýninni um að lifa í friði.

Mörg Norðurlandanna eru þekkt fyrir að starfa sem sáttamiðlarar á áttaksvæðum heimsins. Á Norðurlöndunum eru tiltölulega margir aðilar virkir á þessu mikilvæga sviði sem vex og dafnar í takti við aukin átök í heiminum um leið og alþjóðasamfélaginu tekst ekki að leysa gömlu deilurnar.

Norðurlöndin eru missterk þegar kemur að lausn ágreiningsmála og sáttamiðlun, og löndin hafa í ólíkum mæli á vegum utanríkisþjónustu landanna útdeilt þessum verkefnum til annarra aðila sem eru ekki á vegum ríkisins. Þessir aðilar vinna mikið á bak við tjöldin, en það veldur því að sátt er um að nota þá sem sáttamiðlara á svæðum þar sem embættismenn SP, forsetar, utanríkisráðherrar og aðrir eru ekki samþykktir.

Þá þekkingu sem nú er í höndum margra ólíkra aðila á sviði sáttamiðlunar mætti efla enn frekar með nánara norrænu samstarfi. Við ættum að geta séð heildarmyndina, það er að segja hvernig staða mála er á Norðurlöndunum núna: hvaða aðilar eru virkir og hvar þeir hljóta fjármögnun. Um leið og fjármagn í boði minnkar verðum við að nota hugmyndaflugíð með tilliti til fjármögnunar á norrænni sáttamiðlun í framtíðinni.

Stoltenberg-skýrslan frá árinu 2009 leggur meðal annars til að Norðurlöndin komi á fót viðbragðssveit í friðarmálum, sem verði skipuð bæði hernaðarsérfræðingum og borgaralegum sérfræðingum, sem hægt væri að senda með litlum fyrirvara til áttaksvæða heimsins. Tillöguna má rekja til sérfræðiþekkingar Norðurlanda á sviði svonefnds viðtæks umboðs, þ.e.a.s. í friðarstarfi sem viðkemur bæði hernaðarlegum og borgaralegum verkefnum, eins og t.d. að mennta lögreglumenn í að koma menningarminum í samt lag aftur eða tryggja að réttarkerfið virki sem skyldi. Við tillögu Stoltenbergs um norræna viðbragðssveit mætti bæta á gagnlegan hátt hugmyndinni um norrænt tengslanet sáttamiðlara.

Í þeim tilgangi að efla enn frekar þekkingu Norðurlanda á sviði sáttamiðlunar ættum við líka að efla norræna menntun og rannsóknir á þessu sviði, sem og að sjá til þess að alþjóðleg þekking á þessu sviði sé einnig aðgengileg á Norðurlöndum.“

Svipuð tillaga var samþykkt fyrir nokkrum árum. Árið 2011 var samþykkt tillaga um Norrænt þing til að efla tengslanet um frið og lausn ágreiningsmála. Norræna ráðherranefndin veitti 400 þúsund DKK til verkefnisins „Sjálfsstjórnarsvæðin á Norðurlöndum: reynsla og framtíðarsýn frá sjónarhorni friðar“, sem framkvæmt var af Friðarstofnun Álandseyja í samstarfi við borgara- og neytendanefnd Norðurlandaráðs. Um var að ræða samanburðarrannsókn á því hvernig réttarfar, efnahagsmál og öryggismál hafa þróast á Álandseyjum, í Færeyjum og á Grænlandi. Skýrslan byggði á málþingi um frið sem Norðurlandaráð stóð fyrir á Álandseyjum í janúar 2015, en skýrslan kom út um tveimur mánuðum síðar.

Friðarstofnunin „Álands fredsinstitut“ tók einnig þátt í fyrstu svonefndu Kastelholmviðræðunum um frið þann 27. mars 2014, sem haldnar voru í Kastelholm höll á Álandseyjum, en Tarja Halonen, fyrrum Finnlandsforseti, var verndari fundarins. Erkki Tuomioja, þáverandi utanríkisráðherra Finnlands, Hans Wallmark, varaforseti Norðurlandaráðs og Britt Bohlin, framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs, tóku þátt í umræðu um Norðurlönd og friðarmál.



Því miður hefur ástandið í heiminum ekki orðið friðsælla undanfarin ár og í ótryggum heimi beinist kastljósið í auknum mæli að Norðurlöndum, sem eiga sér langa sögu lýðræðis og friðar. Jafnframt eru löndin þekkt fyrir uppbyggilega aðkomu að friðarumleitunum.

Álit forsætisnefndarinnar

Þingmannatillagan var rædd í fyrsta sinn á Norðurlandaráðsþingi í nóvember 2016, þar sem flokkahópur miðjumanna kynnti hana við jákvæðar undirtektir flokkahóps vinstri sósíalista og grænna. Þá hlaut tillagan almennt góðan hljómgrunn í flokkahópi hægrimanna, einkum hvað snerti eftirfylgni við Stoltenberg-skýrsluna, en fulltrúi hópsins lýsti þó vissum efasemdum um tillöguna.

Tillagan var aftur rædd á fundi forsætisnefndarinnar í Keflavík þann 28. nóvember 2016 og enn voru viðbrögð við henni yfirleitt góð. Forsætisnefndin óskaði þó eftir umsögnum norrænna friðarstofnana áður en tillagan yrði tekin til frekari umfjöllunar, þar sem hugsanlega mætti herða orðalag hennar á nokkrum stöðum.

Í umræðunni var einnig lagt til að áhersla yrði lögð á reynslu sjálfstjórnarsvæðanna, sem hugsanlega gæti nýst sem líkan við sáttamiðlun. Norðurlönd eiga þess kost að markaðssetja slíkt líkan alþjóðlega þegar leysa þarf erfiðar deilur og þar gæti reynsla þeirra átt þátt í að skapa frið.

Ný útgáfa tillögunnar var rædd á fundi forsætisnefndar í Stokkhólmi 3. apríl 2017. Tillögunni var almennt vel tekið á fundinum. Einstök atriði sættu gagnrýni, en orðalag þeirra hefur nú verið hert. Tilmælunum er að þessu sinni beint til ríkisstjórna Norðurlandanna en ekki Norrænu ráðherranefndarinnar, enda hefur hún ekki umboð til að fara með utanríkismál. Í stað þess að stofnsetja friðarskjallasafn er nú lagt til að möguleikar á að stofna friðarskjallasafn verði kannaðir. Ef af því verður gæti það orðið umfjöllunarefni í samningaviðræðum um fjárhagsáætlunina. Sá liður sem fjallaði um að fá utanríkismálanefndir þjóðþinganna til að útvega upplýsingar, einnig um einkafjármögnun sáttamiðlunar, fellur út þar sem ekki er talið raunhæft að utanríkismálanefndirnar geti útvegað yfirlit af þessu tagi.

Á fundi forsætisnefndarinnar á Álandseyjum þann 27. júní 2017 var stuðningur við ofanefndar breytingar. Lagt var til að einu atriði enn yrði bætt við:

Að nýta reynslu af jafnræði fyrir lögum hvað varðar réttindi þjóðabrota í löndunum.

Nefndaráliðið var samþykkt með þessari viðbót.

Umsagnir

Athugasemdir við tillöguna bárust frá þremur norrænum friðarstofnunum og enn fremur hefur Norðurlandaráð æskunnar sent frá sér yfirlýsingu um efni hennar. Umsagnir um tillöguna eru almennt jákvæðar.

HÖFÐI friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands styður tillöguna, sem mun hafa í för með sér aukið norrænt samstarf um sáttamiðlun, miðlægan gagnabanka og einnig aukið staðbundið samstarf.



Friðarstofnun Álandseyja er einnig jákvæð í garð tillögunnar. Í svari hennar segir:
„Kerfisbundið samstarf um sáttamiðlun sem norrænt vörumerki myndi efla ímynd Norðurlanda sem svæðis friðsældar og getur einnig opnað fyrir samstarf um friðarmál í víðari skilningi, auk sáttamiðlunar. Með góðfúslegum stuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar (Nordplus) hefur Friðarstofnun Álandseyja nýverið lokið þriggja ára verkefninu „Norden för fred?“, þar sem ýmis sjónarmið sem máli skipta í sáttamiðlunarstarfi voru rædd og greind á vettvangi hins borgaralega samfélags. Ýmsar niðurstöður verkefnisins sem varða leiðir til að efla ímynd Norðurlanda sem svæðis friðsældar eru í samræmi við innihald þingmannatillögunnar. Því má ætla að verkefni á vegum Norðurlandaráðs í samræmi við téða tillögu yrði tekið af áhuga og með stuðningi.“

Utanríkisstofnunin í Stokkhólmi (UI) lýsir í svari sínu stuðningi við tillöguna. Þar er áhersla lögð á samstarf við hið borgaralega samfélag:
„Ennfremur er virk þátttaka hins borgaralega samfélags mikilvæg í sáttamiðlun. Hér er einnig mikil reynsla fyrir hendi hjá aðilum innan borgarasamfélags Norðurlanda sem hafa átt í samstarfi við borgarasamfélag á áttaksvæðum.“

Þá segir í yfirlýsingu Norðurlandaráðs æskunnar:
„Norðurlandaráð æskunnar (UNR) vill ... hvetja ríkisstjórnir Norðurlanda til að setja í forgang sáttamiðlun í utanríkismálastefnunni þegar þess er kostur. Einnig í innanríkismálunum eru sóknarfæri til að efla vægi sáttamiðlunar. Áherslu okkar í utanríkismálum ættum við einnig að flétta inn í aðra málaflökka. Við viljum hvetja til að það verði gert í menntamálum og hætt verði að innheimta skólagjöld af ungmennum frá löndum utan ESB/EES-svæðisins. Stefnum að því að ungmenni hvaðanæva úr heiminum geti kosið að mennta sig á Norðurlöndum og þar með tileinkað sér og verið tekið í samræmi við þau gildi lýðræðis og fjölræðis sem lönd okkar grundvallast á.“

Umsagnirnar gáfu ekki tilefni til breytinga á hinni upprunalegu tillögu en orðalagið var hert á stöku stað.

Kaupmannahöfn, 27. júní 2017

*Bertel Haarder (V)
Britt Lundberg (ÅC)
Henrik Dam Kristensen (S)
Juho Eerola (saf)
Michael Tetzschner (H)
Oddný Harðardóttir (A)*

*Phia Andersson (S)
Rigmor Andersen Eide (KrF)
Sigurður Ingi Jóhannsson (F)
Sonja Mandt (A)
Steingrímur J. Sigfússon (VG)
Wille Rydman (saml)*